



HRUNAMANNAHREPPUR

35. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

22. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 14. desember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 17:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp dagskrárbreytingatillögu um að við bætist liður nr. 11, umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags. Málið var áður á dagskrá síðasta fundar sveitarstjórnar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 5. fundar frá 26. sept. 2023.

Lögð fram fundargerð 5. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 7. fundar frá 6. nóv. 2023.

Lögð fram fundargerð 7. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn þakkar nefndarmönnum og öllum þeim sem lögðu hönd á plág fyrir vel lukkaða jólahátið.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

3. Fundargerð 271. fundar skipulagsnefndar frá 13. desember sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. desember sl.

Lögð fram fundargerð 271. fundar skipulagsnefndar frá 13. desember sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. nóvember sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 19. Hrunamannafréttur: Kerlingarfjöll; Landvarðaskáli, Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi sem tekur til skilgreiningar lóðar fyrir landvarðarskála í Kerlingarfjöllum. Innan lóðar verður heimilt að byggja allt að 150 fm skálahús á einni til tveimur hæðum. Samhliða gildistöku þessa skipulags verður svæði fellt úr gildandi skipulagi svæðisins frá 2014. Staðsetning skipulagssvæðisins hefur breyst frá áður auglýstri tillögu frá 2022.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja deiliskipulagstillöguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, mælist nefndin til að sérstaklega verði leitað til forsætisráðuneytisins um samráð vegna málsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að leitað verði til forsætisráðuneytisins um samráð vegna málsins.

ART
DGS
SS
BZ
MF

Mál nr. 20. Reykjabakki; Reykjalaут; Lögbýli; Deiliskipulag.

Lagt er fram nýtt deiliskipulag sem tekur til hluta lands Reykjabakka L166812 eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, gestahúsi og landbúnaðarhúsnæði. Athugasemdir voru gerðar við gildistöku tillögunnar af hálfa Skipulagsstofnunar, lögð eru fram uppfærð gögn við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Hér vék Bjarney Vignisdóttir af fundi:

Mál nr. 21. Auðsholt 6 (áður 2 land); Auðsholt 2; Stækken lóðar.

Lögð er fram umsókn er varðar stækken lóðarinnar Auðsholts 2 land L178467 úr 1.150 fm, skv. skráðri stærð, í 97.579 fm skv. meðfylgjandi mæliblaði. Jafnframt breytist staðfang lóðarinnar í Auðsholt 6. Stækkenin kemur úr landi Auðsholts 2 L166717. Auðsholt 6, fyrir stækken, er innan deiliskipulags fyrir Auðsholt frá árinu 2001 og viðbótin lendir að hluta til innan marka skipulagssvæðisins.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stækken lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stækken lóðar skv. fyrirliggjandi umsókn.

Bjarney Vignisdóttir tók aftur sæti á fundinum.

Mál nr. 31. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. desember sl.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. desember sl. eru lagðar fram til kynningar.

4. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings: Fundargerð aðalfundar frá 5. des. sl.**- Ásamt ársreikningi 2022.**

Lögð fram fundargerð aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings ásamt ársreikningi.

Fundargerð og ársreikningur lögð fram til kynningar.

DGS

BB

*BB
ARJ*

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**5. Héraðsnefnd Árnesing bs.: Fundargerð 16. fundar framkvæmdastj. frá 10. 11. sl.**

Lögð fram fundargerð 16. fundar Héraðsnefndar Árnesþings bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. Brunavarnir Árnессýslu: Fundargerð 14. fundar stjórnar frá 14. nóvember sl.

Lögð fram fundargerð 14. fundar Brunavarna Árnессýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

7. Beiðni frá HS Orku um uppsetningu á hraðhleðslustöðvum.

Lögð fram beiðni frá HS Orku um uppsetningu á hraðhleðslustöðvum.

Sveitarstjórn lýst vel á hugmyndir fyrirtækisins og felur sveitarstjóra ásamt Veitustjóra að ræða betur við bréfritara og kanna um leið mögulegar staðsetningar sílka stöðva.

8. Nýjar samþykktir fyrir Sorpstöð Suðurlands – seinni umræða.

Lagðar fram til seinni umræðu nýjar samþykktir fyrir Sorpstöð Suðurlands sem kynntar voru og samþykktar á nýliðnum aðalfundi SOS í Vík.

Sveitarstjórn samþykkir nýjar samþykktir fyrir Sorpstöð Suðurlands.

9. Drög að skólastefnu Hrunamannahrepps 2023-2030 – seinni umræða.

Lögð fram drög að skólastefnu Hrunamannahrepps fyrir árin 2023-2030.

Sveitarstjórn samþykkir skólastefnu Hrunamannahrepps 2023-2030 með eftirfarandi bókun:

Í skólastefnu Hrunamannahrepps er lögð áhersla á samstarf sem nær til allra hagsmunaaðila í skólasamféluginu með uppyggingu lærdómssamfélags að leiðarlíðsi. Með nýrri skólastefnu er lagður grunnur að menntun barna sem á að tryggja að þau verði fær um að stunda frekara nám og tekið þátt í samféluginu þannig að þau geti í framtíðinni átt farsælt lífshlaup. Skólastjórnendur, kennarar, starfsfólk skólanna og annarra stofnanna sem koma að námi og uppeldi barna eru í lykilhlutverki við innleiðingu og framkvæmd stefnunnar. Stuðningur sveitarfélagsins er síðan ein af meginforsendum þess að vel takist til.

Sveitarstjórn vill þakka öllum þeim sem komu að mótu námsmáli um skólastefnu og þá sérstaklega vinnuhópnum og Ingvari Sigurgeirssyni en þau báru hitann og þungann af þessari vinnu. Sveitarstjórn felur jafnframt sveitarstjóra og formanni skólanefndar að finna góðar leiðir til að koma stefnunni á framfæri við samfélagið allt.

10. Beiðni um samþykkt framsals lóðaréttinda.

Lögð fram beiðni um samþykkt framsals lóðaréttinda.

Sveitarstjórn samþykkir beiðni framsal lóðaréttinda.

11. Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.

Lögð fram umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags sem var áður á dagskrá sveitarstjórnar þann 7. desember sl. ásamt umsögn ráðgjafa Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

DGS

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina vegna vorannar skólaárið 2023-2024 og mun greiða samkvæmt viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga.

BZ
ARJ

12. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn 4. janúar 2023.

Fjárhagsleg málefni:

13. Gjaldskrá Hitaveitu Flúða, seinni umræða.

Lögð fram gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2024 til seinni umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

Mál til kynningar:

14. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 939. fundar stjórnar frá 5.12. 2023.

Lagt fram til kynningar.

Skipan í nefndir og ráð:

15. Veitu- og framkvæmdanefnd, 5 aðalmenn og 5 til vara.

Skipan 5 aðalmanna og 5 varamanna í Veitu- og framkvæmdanefnd.

Eftirtaldir eru skipaðir í Veitu- og framkvæmdanefnd:

Aðalmenn:

Bjarney Vignisdóttir, formaður

Jón Bjarnason

Ævar Eyfjörð Sigurðsson

Daði Geir Samúelsson

Kolbrún Haraldsdóttir

Til vara:

Sigurður Sigurjónsson

Ragnhildur Stefanía Eyþórðóttir

Sigurjón Snær Jónsson

Halldóra Hjörleifsdóttir

Páll Jóhannsson

Sveitarstjórn vill nota þetta tækifæri og þakka nefndarmönnum í veitustjórn fyrir góð störf en sú stjórn hefur nú lokið störfum og ný nefnd Veitu og framkvæmda tekur nú við hennar verkefnum ásamt nýjum í samræmi við erindisbréf.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:14

Bjarney Vignisdóttir

Daði Geir Samúelsson

Alexandra Ríðr Jóhannesdóttir